



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. mars 2019.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna réttar barna sem aðstandenda, þskj. 273, 255. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands styður ofangreint frumvarp heils hugar en markmið þess er að bæta stöðu og tryggja rétt barna sem eiga foreldri sem glímir við alvarleg veikindi eða barna sem missa foreldri, annað eða bæði, vegna sjúkdóms eða af slysförum. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að hér á Íslandi hafi lítið verið hugað að réttindum barna í þessari stöðu á meðan staða þeirra hafi verið í brennidepli í nágrannalöndum okkar. Brýnt er að bæta úr.

MRSÍ bendir á að í frumvarpinu er iðulega notað orðið forráðamaður en í barnalögum nr. 76/2003, er talað um forsjá barns og þar er einnig skilgreint hvað í forsjá felst. Færi því betur á því að tala um forsjá í frumvarpi þessu.

Í ýmsum greinum frumvarpsins segir að gefa skuli barni kost á að tjá sig í samræmi við aldur þess og þroska og taka skuli réttmætt tillit til skoðana þess. Samræmist það ákvæðum barnalaga og lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, nr. 19/2013. Í 5. gr. frumvarpsins segir hins vegar að að ungmenni, 15 ára eða eldri, geti gert kröfu um umgengni við nána ættingja látins foreldris. MRSÍ áréttar það er að framan greinir og hvetur til þess að barni verði gert mögulegt að óska eftir umgengni óháð aldri og þá að teknu tilliti til þess sem því er fyrir bestu.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri